



Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis ,  
Matvælaráðuneytið,  
Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur  
mar@mar.is

Selfoss, 6. febrúar 2025

### Tillögur Svf. Árborgar um sérreglur vegna byggðakvóta 2024-2025

Samkvæmt erindi ráðuneytisins til Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 22. janúar sl. Liggur fyrir tillaga að úthlutun byggðakvóta til byggðalaganna Stokkseyrar og Eyrarbakka.

Sveitarfélagið Árborg hefur það að markmiði að úthlutaður byggðakvóti nýtist til vinnslu í sveitarfélaginu. Jafnframt vill sveitarfélagið auðvelda útgerðum að koma aflanum til vinnslu í sveitarfélaginu með því að heimila vinnslu hans ekki aðeins í þeirri byggð sem byggðakvótinn er tileinkaður, heldur einnig öðrum byggðum innan sveitarfélagsins.

Það er mat bæjarstjórnar Árborgar að nauðsynlegt sé að heimila löndun afla úr byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélags, en ekki aðeins umræddrar byggðar, til þess að minni hættu sé á að byggðakvótinn falli niður vegna vannýtingar.

Aðstæður í byggðalögunum sem um ræðir hafa ekki breyst með þeim hætti að tilefni sé til að gera breytingar á sérreglum varðandi úthlutun byggðakvóta.

Eftirfarandi er eyðublað fyllt út í samræmi við leiðbeiningar ráðuneytisins.

<b>Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025</b>	
<b>Sveitarfélag:</b>	Sveitarfélagið Árborg
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:</b>	Tillagan er gerð í þágu byggðarlaganna Stokkseyrar og Eyrarbakka.
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	Samþykkt í bæjarráði Svf. Árborgar dags. 6. febrúar 2025. Afrit af fundargerð bæjarráðs frá 6. febrúar 2025 fylgir.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Ekki er óskað eftir breytingu á 1. gr.

Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Ekki er óskað eftir breytingu á 1. gr.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ekki er óskað eftir breytingu á 4. gr.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ekki er óskað eftir breytingu á 4. gr.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	<p>Sveitarfélagið Árborg hefur það að markmiði að úthlutaður byggðakvóti nýtist til vinnslu í sveitarfélaginu. Jafnframt vill sveitarfélagið auðvelda útgerðum að koma aflanum til vinnslu í sveitarfélaginu með því að heimila vinnslu hans ekki aðeins í þeirri byggð sem byggðakvótinn er tileinkaður, heldur einnig öðrum byggðum innan sveitarfélagsins.</p> <p>Vinnslur hafa verið á Stokkseyri og Eyrarbakka og flestar mjög smáar. Ekki hefur verið um að ræða vinnslu á Selfossi undanfarin ár. Ef ekki mætti t.d. vinna afla Stokkseyringa úr byggðakvóta á Eyrarbakka væri útgerðarmönnum oft og tíðum mun erfiðara að koma afla til vinnslu en nú er. Byggðalögin eru nán frá fornu fari og eiga langa sögu sem sjávarþorp með útgerð.</p> <p>Útgerðarmenn hafa þrýst á bæjaryfirvöld um að fá heimildir til að landa afla til vinnslu í gegnum fiskmarkað, án kvaðar um vinnslu hans í Sveitarfélaginu Árborg. Fiskverkendur hafa hinsvegar gagnstæð sjónarmið og telja í einhverjum tilfellum að byggðakvótinn sé forsenda fyrir uppbyggingu vinnslunnar sem nú standi yfir.</p> <p>Það er mat bæjarstjórnar Árborgar að nauðsynlegt sé að heimila löndun afla úr byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélags, en ekki aðeins umræddar byggðar, til þess að minni hætta sé á að byggðakvótinn falli niður vegna vannýtingar.</p>

Virðingarfyllst,  
f.h. Sveitarfélagsins Árborgar,




Bragi Bjarnason, bæjarstjóri